

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 150 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 2. desember 2025 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins að Básaskersbryggju.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Björg Þórðardóttir, Helga Kristín Kolbeins, Sæunn Magnúsdóttir og Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri.

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir

1. Farþega- og rekstrartölur fyrir október 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir farþega- og rekstrarskýrslu fyrir október 2025. Framkvæmdastjóri er þökkud yfirferðin.

2. Önnur mál

HS veitur tilkynntu framkvæmdastjóra að þar sem tveir rafstrengir til Vestmannaeyja væru komnir í gagnið hyggðist Landsnet færa félagið á forgangstaxta í stað taxta fyrir ótrygga orku. Þessi breyting felur í sér að greiða þarf 16.13 kr. pr. kW h í stað 4,49kr. pr. kW h. Stjórn Herjólfss ohf. telur ljóst að fylgjast þurfi náið með gangi mála enda um að ræða stóra breytu í rekstrinum og því nauðsynlegt að vera viðbúin að grípa til ráðstafana ef af verður. Til að mynda þarf að kanna muninn á kostnaði við að sigla á olíu vs. rafmagni miðað við hækkaða kW h sem og hvort hagstæðara sé að hlaða aðeins í Landeyjahöfn og nýta olíu fyrir það sem upp á vantar.

Þá var niðurskurður til almenningssamgangna í fjárlagafrumvarpi ræddur. Stjórn Herjólfss ohf. lýsir yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar og mögulegra áhrifa hans á rekstur og þjónustu Herjólfss ohf.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 6. janúar n.k. kl. 16:00

Fundi slitið kl. 18:00

Fundargerð ritaði Sæunn Magnúsdóttir.